

Minnisblað fjármálanefndar til háskólaráðs um meðferð vinnuframlags vegna kennslu umfram starfsskyldur

Í upphafi árs 2017 var staða óuppgerðrar kennslu (vinnustundir) eftir fræðasviðum sem hér segir:

Óuppgerð kennsla	FVS	HVS	HUG	MVS	VoN
Fjöldi vinnustunda	29.977	5.416	20.693	18.453	32.948
Fjöldi einstaklinga	94	33	74	90	103
Meðalfjöldi vinnustunda	319	164	280	205	320

Í töflunni eru ekki hafðir með einstaklingar þar sem upp á vantar að kennsluskylda hafi verið uppfyllt undanfarin ár. Þau tilvik eru miklu færri heldur en í hinum hópnunum.

Í stofnanasamningum við Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara kemur fram hver er heimilaður fjöldi kennslustunda umfram starfsskyldur en hann fer eftir launaflokki viðkomandi kennara.

Að auki er heimilt að flytja uppsafnaða kennslu á milli ára er samsvarar allt að eins misseris yfirvinnuþaki, oft um 270 stundir. Þetta var samþykkt í Háskólaráði í tengslum við kjarasamninga árið 2001 þar sem erfitt getur reynst að stilla af kennslumagn hvers árs svo að það samsvari nákvæmlega kennsluskyldu ársins auk hugsanlegrar áætlunar um vinnustundir umfram skylduna.

Þrátt fyrir þessa heimild háskólaráðs er nokkur fjöldi einstaklinga sem er með óuppgerða kennslu umfram leyfilega heimild. Lauslega áætlað er fjöldi þeirra sem þetta á við um eins og fram kemur að neðan:

	FVS	HVS	HUG	MVS	VoN
Fjöldi einstaklinga	32	4	28	18	40

Ástæður þessa geta verið af ýmsum toga t.d. vegna veikinda eða fæðingarorlofs kennara í deild þar sem annar kennari hefur þurft að taka að sér meiri kennslu til að bregðast við brýnni þörf. Þá eru dæmi um það hafi einfaldlega engin kennsla umfram starfsskyldur verið greidd út á tímabili og því hafi óuppgerð kennsla safnast upp. Þá verður ekki fram hjá því litið að í mörgum tilvikum hefur aðhald með kennslumagni ekki verið nægjanlegt.

Það hefur verið ljóst í mörg ár að deildarforseta og viðkomandi kennara ber að gera skriflegt samkomulag um kennslu sem fyrir liggur að muni vera umfram kennsluskyldu, leyfilega umframkennslu og flutning milli ára. Á þessu virðist hafa verið mikill misbrestur.

Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að fyrir liggja upplýsingar um verulegt magn óuppgerðrar kennslu, sbr. ofangreint.

Fjármálanefnd háskólaráðs leggur til eftirfarandi verklag varðandi óuppgerða kennslu:

- (Fortíðarvandi) Forsetum fræðasviða verði falið að vinna áætlanir með þeim kennurum sem eiga óuppgerðar vinnustundir umfram þak um að ná þeim niður undir leyfilegan flutning kennslustunda á milli ára. Reikna má með að í einhverjum tilvikum geti tekið nokkur ár að ganga frá uppsöfnuðum vanda eins og hann blasir við.
- (Framtíðin, til viðbótar við A.) Ekki verður heimilt að flytja kennslustundir sem verða til frá og með árinu 2017 á milli ára umfram það sem nemur heimild háskólaráðs, þ.e. yfirvinnu eins misseris. Í sérstökum tilvikum sem upp koma vegna ófyrirséðrar umfangsmikillar kennslu er heimilt að víkja frá þessu hámarki fluttra kennslustunda, enda liggja fyrir skrifleg heimild sviðsforseta.
- Við starfslok eða andlát eru greiddar út óuppgerðar stundir sem nema að hámarki yfirvinnuþaki eins misseris, enda liggja ekki fyrir skrifleg heimild sviðsforseta vegna sérstakra tilvika, sbr. lið B.-